

SJÁVARÚTVEGURINN

VEFRIT UM SJÁVARÚTVEGSMÁL

Útgefandi: Sjávarútvegspjónustan ehf.

www.sjavarutvegur.is

Sjávarútvegurinn - Vefrit um sjávarútvegsmál 2 tölubl. 7 árg. Des. 2007

Getur þorskeldi gengið með þorskveiðum?

Valdimar Ingi Gunnarsson, sjávarútvegsfræðingur og Guðbergur Rúnarsson, Landsamband fiskeldisstöðva

Mikil aukning hefur verið í þorskeldi á síðustu árum og voru framleidd um 13.000 tonn árið 2006. Mest var framleitt í Noregi um 11.000 tonn, um 1.400 tonn á Íslandi og um 600 tonn á Bretlandi. Í öðrum löndum s.s. Kanada og Færeyjum er framleiðslan ennþá mjög lítil. Gert er ráð fyrir áframhaldandi vexti á næstu árum og þá sérstaklega í Noregi, en þar er því spáð að framleiðslan geti náð 35.000 tonnum árið 2010.

Upp hafa komið efasemdir um samkeppnishæfni þorskeldis. Því er stundum haldið fram að eldisþorskur muni aldrei geta keppt við villtan þorsk þar sem framleiðslukostnaðurinn muni alltaf vera hærri í eldinu. Jafnframt er bent á að aukið þorskeldi muni lækka markaðsverð á þorski almennt. Það getur því orðið erfitt fyrir þorskeldi að keppa við þorskveiðar í framtíðinni. En er málið svo einfalt?


Kostnaður við veiðar þorsks

Kostnaður við þorskveiðar mun á næstu árum vera lægri en kostnaður við að ala þorsk. Kostnaður við botnfiskveiðar á Íslandi árin 2003 og 2004 eru tæpar 100 kr/kg. Þessar tölur eru þannig fundnar að aflamagni er deilt upp í kostnað við veiðarnar skv. gögnum Hagstofu Íslands. Hér er eingöngu um að ræða ferskfiskveiðar og frystitogarar ekki teknir með í útreikningana. Hlutfall þorsks í afla er tæp 50%, en annar afli eru aðrir botnfiskar, krabba- og skeldýr. Ákveðna fyrirvara verður þó að hafa við þessar niðurstöður. Hér er t.d. um að ræða kostnað við botnfiskveiðar almennt, en reikna má með lægri kostnaði ef eingöngu er um þorskveiðar að ræða.

Framleiðslukostnaður í þorskeldi

Sambærileg tækni er notuð við matfiskeldi á þorski og á

laxi. Það má því gera ráð fyrir því í framtíðinni að framleiðslukostnaður verði svipaður í þorskeldi og laxeldi. Á síðustu árum hefur framleiðslukostnaður í norsku laxeldi verið u.þ.b. 150 kr/kg, en þá er miðað við heilan óslægðan lax. Mikil hagræðing hefur átt sér stað og lækkaði framleiðslukostnaður úr rúmum 400 kr/kg árið 1990 í rúmar 150 kr/kg í byrjun þessa áratugar, en mesta lækkunin átti sér stað snemma á tíunda áratugnum (mynd 1). Enn er framleiðslukostnaður í þorskeldi mjög hár og er ekki að vænta að hann verði álíka eða jafnvel lægri en í laxeldi fyrr en á næsta áratugi þegar búið er að ná fullum tókum á eldinu. Vegna erfiðari aðstæðna á Íslandi er líklegt að framleiðslukostnaður muni vera hærri hér en í Noregi. Á það hefur verið bent að þegar arðsemi þorskeldis er metið, þarf einnig að meta samlegðaráhrif veiða, eldis, vinnslu og markaðssetningu þorskafurða. Í þeirri



Mynd 1. Framleiðslukostnaður í norsku laxeldi á verðlagi ársins 2006. Miðað er við heilan óslægðan lax.

heildarmynd gæti þorskeldi verið áhugavert fyrir sjávarútvegsfyrirtækin. Þó að þorskeldi eitt og sér sé ekki alltaf arðbært getur það verið hagkvæmt, þar sem það getur styrkt aðra þætti í rekstri fyrirtækisins.

Samkeppnishæfni þorskeldis ræðst ekki eingöngu af framleiðslukostnaði


Varast skal að fullyrða að þorskeldi geti ekki gengið samhliða hefðbundnum þorskveiðum. Þrátt fyrir að kostnaður við veiðar sé tiltölulega lágur er ekki hægt að útiloka að þorskeldi geti orðið samkeppnishæft við veiðar á þorski. Samkeppnishæfni þorskeldis ræðst af fleiri þáttum en framleiðslukostnaði. Hér er hægt að benda á þá þróun sem hefur átt sér stað á laxamörkuðum á síðustu áratugum þar sem eldislaxinn er leiðandi í markaðsverði, framboð stöðugt, gæði einsleit, verð herra og orðspor betra en hjá villtum kyrrahafslaxi. Þorskafli hefur farið minnkandi undanfarin ár og ekki er að vænta að það breytist til batnaðar á næstunni. Þorskeldi getur aftur á móti leitt til verulegrar framleiðsluaukningar og því erfitt að álykta að annað formið geti ekki gengið samhliða hinu.

Hærra verð fyrir eldisþorsk?

Fram að þessu hefur verið herra markaðsverð á ferskum eldisþorski frá Noregi en villtum þorski (mynd 2). Leiða má eftirfarandi rök að því að hægt verði að greiða herra hráefnisverð fyrir eldisþorsk en fyrir villtan þorsk í framtíðinni:

1. Meira afhendingaröryggi: Meiri stöðugleiki og öryggi er á framboði á eldisþorski til kaupenda frá þorskeldi en frá þorskveiðum þar sem brælur geta frekar hamlað veiðum í lengri tíma, sérstaklega yfir vetrarmánuðina.
2. Stjórna framboði: Mun auðveldar er að stjórna framboði úr þorskeldi og selja þorsk á þeim tíma sem gefur hæsta verð.
3. Ferskara hráefni: Auðveldara að stjórna magni sem fer í slátrun á hverjum tíma og stýra vinnsluferlinu en við hefðbundnar fiskveiðar.
4. Lengra geymsluþol: Eldisþorskur sem er flakaður fyrir dauðastirðnun hefur meira geymsluþol en villtur þorskur sem yfirleitt er flakaður eftir dauðastirðnun.
5. Verðmætari afurðir: Hærra hlutfall fer í dýrari afurðaflokka hjá eldisþorski en villtum þorski.
6. Meiri afköst: Í flakavinnslu eru meiri afköst á eldisþorski en villtum þorski. Það þarf ekki að tína hringorma úr flökum eldisþorsks og snyrting er minni vegna meiri ferskleika og gæða.
7. Betri nýting: Eldisþorskur er holdmeiri og flakanýting betri. Jafnframt er flakið þykkara sem eykur hlutfall dýrari afurða.
8. Meiri verðmæti úr innnyflum: Í þorskeldi er auðveldara að nýta og gera verðmæti úr innnyflum en við hefðbundnar veiðar á þorski.

Til lengri tíma litíð má gera ráð fyrir að bæta megi



Mynd 2. FOB-verð á útfluttum ferskum slægðum og hausuðum villtum þorski og eldisþorski frá Noregi árin 2001-2006.

eldisþorsk enn frekar. Hugsanlega er hægt að kynbæta fyrir betri nýtingu og herra hlutfalli dýrari afurða (hnakkastykki) ásamt öðrum þáttum er skipt geta máli.

Markaðssetning

Við samanburð á eldisþorski og villtum þorski hefur því verið veitt lítil athygli að gæði villta þorsksins eru breytileg. Það sem þorskeldi hefur fram yfir hefðbundinn veiddan þorski er, að auðveldara er að hafa áhrif á gæðin og tryggja þannig að neytandinn fái þorskafurðir af réttum og jöfnum gæðum.

Fram að þessu hefur eldisþorskur almennt ekki verið markaðssettur sérstaklega, hvorki í Noregi eða á Íslandi. Aftur á móti hafa Skotar aðgreint eldisþorsk vel frá villtum þorski með því að merkja hann sérstaklega sem „Nocatch“ og markaðssetja jafnframt sem afurð úr lífrænu fiskeldi.

Það kann að vera hagkvæmt fyrir þorskeldisfyrirtæki á Íslandi að aðgreina eldisþorsk frá villtum þorski við markaðssetningu. Hinsvegar er það e.t.v. ekki skynsamlegt að teknu tilliti til heildarhagsmuna sjávarútvegsins að markaðssetja eldisþorsk sem betri afurð með það að markmiði að fá herra verð.

Greinin hefur áður birst í Viðskiptablaðinu